

Sigríður Jóhanna Guðmundsdóttir umdæmisstjóri og Ragnhildur Jónsdóttir gjaldkeri InnerWheel Íslands sáu um innritun.

Umdæmisstjóri Sigríður setti fundinn klukkan 12:02

Hún bauð alla velkomna og þakkaði fyrir síðast og einnig þeim 10 konum sem fóru ásamt henni á alþjóðþingið og 100 ára afmælið til Manchester. Tilkynnti svo að ný stjórn yrði kynnt til leiks síðar á fundinum og kveikti á fundarkertinu.

Farið var með markmið samtakanna.

Að auka sanna vináttu

Að efla mannleg samskipti.

Að auka alþjóðlegan skilning

Sigríður ræddi svo um að það þyrfti ekki lagabreytingar sem lúta að kosningum í embætti, Kosning í stjórnir til eins ár er ekki endanleg, það má sitja áfram í tvö ár og jafnvel lengur ef þurfa þykir, án lagabreytinga, ritari og gjaldkeri kosnir til eins árs mega sitja í þrjú ár samfellt.

Umdæmisstjóri tilnefndi síðan Eygló Gränz sem fundarstjóra og Vilborgu Eiríksdóttur sem ritara, klappað var fyrir þeim og tóku þær þegar til starfa.

Eygló, bauð allar velkomnar og sagði veðurguði í liði með okkur og kynnti síðan dagskrá þingsins. Fyrst á dagskrá var kynning þingfulltrúa, mættar voru úr flestum klúbbunum en því miður komst Garðabær ekki.

Að kynningu lokinni sagði Sólveig Einarsdóttir í InnerWheel Keflavík okkur frá fjölgun í klúbbnum. Sjö nýjir félagar hafa bæst við á árinu, verkefni vetrarins hafa verið að kynna félagsskapinn og boða til gestafundar, auk þess að finna áhugaverð erindi fyrir fundi og söng. Allir félagar fengu það hlutverk að bjóða allavega einni vinkonu á fund, sjö gengu til liðs við félagið og tvær í viðbót stefna á að skrá sig í hópinn. Hún sagði mikilvægt að bjóða konum að koma og kynnast félagsskapnum án einhverra kvaða. Klúbbsfélagar borguðu fyrir mat gestanna svo það var enginn kostnaður fyrir gesti á fyrsta fundi. Hún sagðist eiga glærusýningu fyrir kynningarfund og bauð öðrum klúbbum að nota hana í herferð sinni við að fjölga félögum.

Jóhanna Róbertsdóttir var næst með frásögn af ferðinni til Manchester. Þingið var haldið á Manchester Central (fyrrum aðaljárnbrautarstöð borgarinnar) og mættu tíu konur frá Íslandi. Glærusýning/myndir frá þinginu voru sýndar á meðan Jóhanna talaði og út allan fundinn. Myndir verða settar á heimasíðu Inner Wheel á næstunni. Í ár er 100 ára afmælisár og sagði Jóhanna upplifunina af þinginu með yfir tvö þúsund þátttakendum hafa verið stórkostlega. Fulltrúar sumra landa voru meira áberandi en aðrir, hvað varðar fjölda, litríkan fatnað og önnur einkenni svo sem hatta og fleira. Karl konungur sendi þinginu kveðju og sögu InnerWheel var gerð góð skil, flottar ræður haldnar, skemmtiatriði, söngur og matarveislur. Jóhanna sagði að skemmtilegt hafi verið að ræða við féлага víðsvegar úr heiminum, margt væri sameiginlegt, meðalaldur hækkandi og félögum fækkaði en þrátt fyrir að klúbbar væru

orðnir fámennir væru konur ekki tilbúnar að leggja þá niður. Fjölbreytt sjálfboðastörf væri í gangi en mest áhersla væri lögð á félagsskap og vináttu. Gjafir fóru á milli klúbba, eitthvað táknrænt frá ólíkum löndum. Inner Wheel Ísland gaf „a piece of Iceland“, hraunmola frá Grindavík og Alþjóða InnerWheel fékk bók um refileinn. Hátíðarkvöldið var sérstaklega hátíðarlegt, í anda 1924 eða Great Gatsby. Stíllinn setti mikinn svip á hátíðina, salurinn vel skreyttur, góður matur, hefðbundin dagskrá og svo dansað og sungið. Könnun meðal íslensku þátttakendanna var gerð og þótti flestum vinátta, gleði, jákvæðni og kraftur kvenna einkenna hátíðina og opunarhátíð og hátíðarkvöld standa upp úr. Einnig þótti félögum áhugavert og lærdómsríkt að kynnast ólíkum menningarheimum í gegnum samræður og samskipti við borðfélaga. En skipulag hefði mátt vera betra hvað varðar lok hátíðinnar, raðir sem voru of langar, of langar ræður, upplýsingaflæði og maturinn hefði mátt vera betri. Auk þess hefði verið sniðugt að hafa samastað til að hitta aðra féлага, frá ákveðnum klúbbum eða ákveðnu landi.

Jóhanna las síðan stutt ljóð um vináttuna.

Eygló fundarstjóri tók svo við og sagði að við sem sátum heima hefðum greinilega misst af miklu að vera ekki á þinginu, síðan tilkynnti hún að komið væri að hádegisverði enda klukkan 12:30. Boðið var upp á sveppa- og kjúklingasúpu með brauði og pestó.

Dagskrá hófst aftur með þingstörfum klukkan 13:30

Fyrst á dagskrá var fundargerð síðasta umdæmisþings, en lesa má fundargerðina í fullri lengd á heimasíðu Innerwheel (innerwheel.is). Nokkur mál, sem ekki voru afgreidd á síðasta þingi, fengu afgreiðslu á haustfundi í október, sjá fundargerð þess efnis á heimasíðunni. Fundargerð síðasta umdæmisþings 2023 var síðan samþykkt.

Skýrsla umdæmisstjóra

Sigríður var með skýrslu umdæmisstjóra og sagði árið hafa verið fljótt að líða. Ógrynni var til af allskonar skjölum bæði upplýsandi og öðrum gögnum sem hafði ekkert gildi og var því fyrsta verk að taka til henda rusli og koma öðru í örugga geymslu hjá Skjalasafni Árnassýslu, ákvörðun var tekin um að vista framvegis öll verðmæt og gild gögn á heimasíðunni og hjá skjalasafninu og að nægjanlegt sé að nýta þrjár fundartöskur félagsins fyrir fundargögnin.

Einkunnarorðin Shine a light /tendrum ljós voru valin. Nýr fótur var keyptur undir hátíðarfánann, gamli fóturinn hefur verið týndur í einhvern tíma og því nauðsynlegt að kaupa nýjan. Ákveðið að Umdæmi 136 sé ekki styrktaraðili, en að hver klúbbur styrki það sem þeir vilja hverju sinni. Heimasíðan var tekin í gegn, ætlunin að setja allar fundargerðir og skýrslur þangað inn, fjölgun félaga og aldur rædd fram og til baka. Danskur tengiliður Kirsten Möller hefur reynst vel og gott að hafa hana til ráðgjafar. Fjögur spjöld keypt á umdæmishálsmenið/keðjuna, fékk þau með afslætti en samt rándýr. Ekki væri vitlaust að hætta nafna spjöldunum á keðjuna, það ætti að vera nóg að hafa nöfn allra stjórna á heimasíðunni. Hrósi til Keflavíkur, fyrir velgengni. Sigríður sagði í lokin lengi lærir sem lifir og þakkaði meðstjórnendum fyrir samvinnuna.

Ragnhildur Jónsdóttir gjaldkeri umdæmisins fór yfir reikninga ársins en þeir eru gerðir með fyrirvara og samþykktir síðar.

Athugasemd var gerð vegna haustþingsins að enginn gjaldaliður var vegna þess á reikningum. Skýringin var að félagar greiddu beint til Skíðaskálans fyrir mat og annan gjörning, því var ekkert sem fór til félagsins, enginn kostnaður eða gróði.

Tillaga frá umdæmisstjórn lögð fram um að hækka árgjald úr 5000 kr. Í 6000 kr.

tillagan var samþykkt um að árgjald verði 6000.

Kjör umdæmisstjórnar 2024-2025 var næst á dagskrá og fóru fram skipti á stjórninni, nýi umdæmisstjórinn María Heiðdal frá IW Reykjavík tók við keðjuni af fráfarandi umdæmisstjóra, Vigdís Jónsdóttir IW Reykjavík umdæmisritari og Ágústa Hauksdóttir umdæmisgjaldkeri .

Viðtakandi umdæmisstjóri 2025: Sigurbjörg Magnúsdóttir IW Kópavogi og Tveir endurskoðendur: Guðrún B. Jónsson IW Reykjavík og Edda Magnúsdóttir IW Kópavogi.

Önnur mál: Garðabær ætti að vera að taka við umdæmisstjórn en treysta sér ekki til að taka við. Félagar fáir og aldnir í Garðabæ og einhverjir af þeim farnir að mæta á fund hjá Hafnarfirði.

Umræða um tímasetningu vorþings, hvort hægt væri að flýta því vegna útskrifta og anna. Árið byrjar 1.júlí og það þarf að halda vorfund fyrir þann tíma. Stjórnarskipti eru í maí en ársreikningar eru frá 1. júlí. En það kom fram að yfirleitt væri fundurinn viku fyrr, en vegna alþjóðþings væri hann í ár viku seinna.

Rætt var um reikninga og hvort hægt væri að setja þá inn á heimasíðu. Síðan er opin og það er spurning hvort ársreikningar séu opinberir. Auk þess er einungis hægt að samþykkja drög að reikningum með fyrirvara um breytingar sem ættu ekki að vera stórkostlegar. Upp kom sú hugmynd að hægt væri að hafa lokað rými á heimasíðu fyrir reikninga og félagatal en allt annað galopið.

Það kom fram að mikill léttir væri að taka nöfn af umdæmiskeðju umdæmisstjóra.

Sigríður Jóhanna sagði að í ljósi þess að við erum nýkomnar frá Manchester þá er það áberandi vinátta sem heldur lífi í Inner wheel allsstaðar. Og hún hvatti félagskonur til að fara í heimsóknir hver til annarra, til að læra og fá hugmyndir, og ekki síður ef þær eru á ferðalögum erlendis. Að efla alþjóðlegan skilning er mikilvægt.

Umdæmisstjóraskipti voru með tilheyrandi rósum og myndatöku.

Þingslit voru klukkan 14:45

Eftir fundinn var gengið undir brúnna, og yfir í Selfosskirkju þar sem helgistund fór fram. Séra Gunnar Jóhannesson minntist 9 félaga sem hafa látist á árinu. Síðan var Miðbær Selfoss heimsóttur, Valdimar Bragason sá um að leiða hópinn um bæinn og segja sögur frá Selfossi. Kveðjustund var svo á Hótel Selfoss þar sem boðið var upp á kaffi, te og ostakökusneið.

Vilborg Eiríksdóttir

fundarritari